

Ed.

641. Frumvarp

til laga um breytingu á tollögum fyrir Ísland 11. júlí 1911.

Flutningsmaður: G. Björnson.

1. gr.

9., 10. og 11. liður 1. greinar orðist þannig:

- 9. Af óbrendu kaffi og kaffibæti alls konar 15 aura af hverju kílógr.
- 10. Af alls konar brendu kaffi 20 aurar af hverju kílógr.
- 11. Af sykri og sirópi 5 aurar af hverju kílógr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Ástæður: Í dýrtíðarnefndinni eru allir á einu máli um það, að nauðsyn beri til að auka tekjur landsins með því að leggja útflutningsgjald á matvöru, sem flutt er út úr landinu. Þessar vörur hafa stigið stórum í verði. Þessar álögur lenda því á þeim, sem best mega við því að borga aukin gjöld í landssjóð.

Verðhækkunin á *alls konar* matvöru, innlendri og útlendri nemur *til uppjafnaðar* 50% að minsta kosti.

Dýrtíðin kemur langverst niður á þeim, sem vinna fyrir kaup, erfiðisfólki og starfsmönnum.

Þess vegna virðist brýn nauðsyn að lækka aðflutningsgjald á aðfluttum nauðsynjavörum, einkum matvöru.

Ef þetta frumvarp yrði að lögum, mundi lækkunin á kaffitollinum nema um 69000 kr. á ári og lækkunin á sykurtollinum um 215000 kr. á ári.

Jafnframt leyfi jeg mjer að bera upp annað frumvarp um afnám korn-tollsins. Sá afjettir mundi nema um 20000 kr. á ári.

Tekjumissir landssjóðs yrði þá samtals nokkuð yfir 300000 kr. á ári. Það er dýrtíðaruppbót, sem fátækt fólk munar mest um.

Hins vegar mundi útflutningsgjöldin, sem farið er fram á í frumvarpi neðri deildar nema um 800000 kr. á ári og lenda aðallega á þeim sem mest hafa gjaldþolið nú. Og þar með er fenginn tekjuauki upp á $\frac{1}{2}$ miljón kr. — til að standast þau bágindi, sem af dýrtíðinni geta hlotist og varna því, að landssjóður verði fjárþrota.